



## Umhverfis- og loftslagsstefna Sinfóníuhljómsveitar Íslands

### Framtíðarsýn

Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) setur sér markmið um að vera til fyrirmynnar í umhverfis – og loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. SÍ vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

### Yfirmarkmið

Fram til ársins 2030 mun SÍ draga úr losun sinni á CO<sub>2</sub> samtals um 40% miðað við árið 2023 (84 tonn CO<sub>2</sub>).

### Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna Sinfóníuhljómsveitar Íslands fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila en jafnframt um umhverfisáhrif stofnunarinnar í víðara samhengi.

Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþáttu sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

#### Samgöngur

- Losun SÍ vegna flugferða listamanna til landsins
- Losun SÍ vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Losun SÍ vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun SÍ vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn

#### Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á starfstöð í Reykjavík (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Heitavatnsnotkun á starfstöð í Reykjavík (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)

#### Úrgangur

- Losun SÍ vegna lífræns úrgangs (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Losun SÍ vegna blandaðs úrgangs (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Magn útprentaðs skrifstofupappírs
- Magn útprentaðs kynningaefnis
- Endurvinnsluhlutfall (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)



## Innkaup

- Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar ræstipjónustu sem stofnunin kaupir

## Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

### Samgöngur

- Hvatt verði til vistvænni ferðamáta starfsmanna til og frá vinnu með auknum stuðningi við vistværar samgöngur. Hlutdeild vistvænni ferðamáta starfsfólks til og frá vinnu verði 30% fyrir árið 2030.
- Innleiðing fjarvinnustefnu fyrir skrifstofu- og framkvæmdateymi.
- Áhersla lög á að draga úr losun í rekstri. Sú losun sem verður til vegna reksturs verður kolefnisjöfnuð að fullu hjá vottuðum aðila.

### Orkunotkun

- Minnka orkunotkun með orkusparandi aðgerðum.

### Úrgangur

- Allur úrgangur flokkaður og allt endurvinnanlegur úrgangur sendur til endurvinnslu. (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Minnka sóun með aukinni flokkun úrgangs. Flokkunarhlutfall úrgangs verði 75%. (í samvinnu við Hörpu tónlistarhús)
- Áhersla lögð á minnkun á förgun og sóun á öllum stigum skipulagningar viðburða.

## Innkaup

- Skipta aðeins við birgja sem stunda vistvæna viðskiptahætti.
- Kaupa í hvívetna vörur sem eru merktar með Svansmerkinu, sem er þekkt og virt umhverfisvottunarmerki á Norðurlöndunum.

### Annað

- Fræðsluviðburðir fyrir starfsmenn um umhverfismál verði haldnir a.m.k tvisvar á ári og reglulega fjallað um græn skref í starfseminni á starfsmannafundum.

## Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



## Eftirfylgni

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur þátt í Grænum skrefum síðan 2020, verkefni sem leitt er af Umhverfisstofnun. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst SÍ tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti undir handleiðslu sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að skila inn grænu bókhaldi ár hvert. Leiðtoga grænna skrefa ber síðan ábyrgð á kalla saman rýnihóp grænna skrefa ár hver þar sem umhverfisstefna SÍ sé rýnd og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir framkvæmdastjóra og stjórn til samþykktar.

Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað til samfélagsins á vef SÍ og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður Græns bókhalds á heimasíðu Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

### Tenging við núverandi skuldbindingar

- Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila
- Skuldbindingum íslenskra stjórnavalda gagnvart Parísarsamkomulaginu
- Aðgerðaaætlun íslenskra stjórnavalda í loftslagsmálum
- Yfirlýsingum forstöðumanna stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytis um samdrátt í losun GHL og kolefnishlutleysi
- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Grænum skrefum

### Kolefnisjöfnun

Sinfóníuhljómsveit Íslands mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2020.

Stefnan staðfest af yfirstjórn

5. júní '24

(dagsetning)

*Sinfóníuhljómsveit  
fyrir liðin Sinfóníuhljómsveit  
(Randas)*

